

## Formáli ritstjóra

Í þessu hefti *Ritroðar Guðfræðistofnunar* sem nú lítur dagsins ljós í myrkasta skammdegi vetrarins má má finna fjórar ritrýndar greinar. Í fyrstu greininni fæst Arngrímur Vídalín, dósent við Deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, við hugmyndir Ágústínusar kirkjuföður frá Hippó um skrímsl og varpar ljósi á hugmyndasögulegan farveg þeirra til Íslands og viðtökur þeirra hér á landi á síðmiðöldum.

Í annarri grein heftisins fjallar Björn Þór Vilhjálmsson, dósent við Íslensku- og menningardeild við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, um kvikmyndina *Breaking the Waves* eftir danska leikstjóran Lars von Trier. Í greiningu sinni dregur Björn fram trúarlega þræði myndarinnar og setur í samhengi við femínískar túlkunaráherslur en þessir þættir myndarinnar hafa hlotið mikla athygli túlkenda síðan myndin kom út árið 1996.

Í þriðju greininni er að finna framhald á rannókn Hjalta Hugasonar, prófessors emerítusar, á sjálfsvígum á nítjándu öld. Að þessu sinni leitast Hjalti við að varpa ljósi á ástæður sjálfsvíga á grundvelli þeirra heimilda sem aðgengilegar eru frá tímabilinu.

Í fjórðu og síðustu greininni fjallar Rúnar Már Þorsteinsson, prófessor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands, um siðfræðilegar áherslur í Fyrri Pétursbréfi og félagslegt samhengi þeirra en dygðin *agapē* fær sérstaka athygli í umfjölluninni. Auk þess færir Rúnar rök fyrir því að helsta fyrirmynd höfundar bréfsins sé Rómverjabréf Páls postula og það megi þannig staðsetja innan pálshefðar í hinu frumkristna landslagi.

Efnistöð greinanna fjögurra eru þannig hin fjölbreyttustu og er það von og víska þess sem þetta ritar að þær rati til þeirra sem gagn kunna af þeim að hafa.

*Haraldur Hreinsson*